

Stjórn DKG hittist á fundi á veitingastaðnum Gló á Klapparstíg í Rvk. kl. 17, föstudaginn 9. september 2016 – degi fyrir Framkvæmdaráðsfund

Landssambandsþing vorið 2017 í Akureyri

Fyrst var rætt um fyrirkomulag þingsins næsta vor. Nokkrar umræður urðu um fæði á þinginu og kostnað við gistingu. Ákveðið var að nefndinni fyrir norðan, sem hefur tekið að sér að skipuleggja þingið væri best treystandi til að finna það ódýrasta og besta fyrir þingkonur. Eygló mun senda stjórninni tilboð það, sem komið er nú þegar frá Icelandair v. gistingar og fæðis. Línur þurfa að fara að skýrast svo misskilningur komist ekki á flot.

Val á fulltrúa alþjóðasambandsins á Landssamb.þingsins næsta vor

Listi frá alþjóðasambandinu um þær konur, sem boðnar eru fram sem fulltrúar alþj.sambandsins á Landssambandsþinginu í vor. Stjórninni hefur borist slíkur listi og hún þarf innan skamms, fyrir 1. október að velja sér fulltrúa, sem kæmi þá í heimsókn til Akureyrar. Eygló ítrekaði að þessi fulltrúi hefði ekki annað á sinni könnu en að ávarpa þingið fyrir hönd alþjóðasambandsins – væri ekki með sérstakt þema eins og sú, sem kom hér á síðasta vorþing og komst í rauninni ekki að með sitt umræðuefni fyrir öllu, sem hún átti greinilega að koma á framfæri frá alþjóðaskrifstofunni. Næstu daga þarf stjórnin að merkja við þrjár „óskakonur“ af listanum.

Laganefnd

Eygló hefur beðið laganefnd og lögsögumann um samræmingu á orðalagi í lögum og reglugerðum. Ekki hefur borist svar en lögsögumaður er með málið í skoðun.

Vefmálin

stjórnin er höll undir að greiða núverandi fyrirtæki fyrir uppfærslu og væntanlega munum við þurfa að fara að greiða fyrir hýsingu.

Spurning um Evrópuvefinn – hvort þær eru tilbúnar að greiða fyrir uppfærslu og vera samferða okkur í uppfærslu. Vefur Evrópuforum er mikið smærri í sniðum og gæti flust yfir í eitthvað annað form, en Eygló sagði að þetta líktist sögunni endalaus með Evrópuvefinn. Það hefðu konurnar ekki hugleitt nóg samlega um hvað málið snerist og tækju ekki af skarið. Endalaust væri kallað eftir upplýsingum, sem þegar hefðu verið sendar og þetta virtist aldrei ætla að enda. Íslandsdeildin hefði einhvern hag af því ef Evrópuvefurinn yrði samferða í uppfærslu, en stjórnin sá ekki að það væri svo mikið að við þyrftum að bíða eftir ákvörðun frá Evrópuvefs-stjórn.

Ný deild

Eygló hefur samið lista yfir konur á Norð-vesturhorninu, sem starfa að fræðslumálum og hefur beðið konur þar nyrðra að lesa listann yfir til að nálgast val á kandidötum, sem talað yrði við ef til þess kemur að stofnuð verður ný deild á þessum slóðum. Sigríður Guttormsdóttir í félaganefnd er með á nótunum og mun vera tilbúin til að setja nefndina af stað með að hefja viðtöl við þær konur, sem taldar eru koma til greina.